



Langesbyggð

Kirkjan og kirkjugarðurinn á Þórshöfn

DEILISKIPULAG



Skipulagslýsing

13. september 2014

Unnið fyrir Langesbyggð




1 Inngangur

Teikn á lofti – ráðgjöf og hönnun ehf vinnur nú að gerð deiliskipulags fyrir kirkjuna og kirkjugarðinn á Þórshöfn. Um er að ræða deiliskipulag fyrir nýjan kirkjugarð staðsettan ofan kirkjunnar á Þórshöfn, er stendur við Sunnuveg ofan Hafnarlækjarins á mót innsiglingunni inní höfnina, auk nánasta umhverfis hennar. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi verður m.a. gert ráð fyrir aðkomu og bílastæðum, umgjörð kirkjugarðs, skipulagi grafreita, gönguleiðum, þjónustu svæði með aðstöðuhúsi, heilbrigðismálum, lögnum og frárennslismálum. Einnig verður í skipulaginu gerð greining á stærðarþörfum kirkjugarðarins í samræmi við aðalskipulag, landsáætlanir og lög um kirkjugarða.

2 Skipulagssvæðið og staðhættir

Reiturinn sem deiliskipulagið nær yfir afmarkast af Sunnuvegi í suðri, nær umhverfi núverandi kirkju vígðri 199 til vesturs og norðurs og svæði afmarkað samkvæmt Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 fyrir kirkjugarð til austurs. Skipulagssvæðið er um 1.5 ha að stærð.



Mynd 1. Skipulagssvæði fyrirhugaðs deiliskipulags og hugmynd að skipulagi svæðisins.

3 Forsendur og viðfangsefni skipulagsins

Í fyrirhuguðu deiliskipulagi verður m.a. gert ráð fyrir umfangi og frágangi á lóð Þórshafnarkirkju, nýjum kirkjugarði og stærð og afmörkun hans. Núverandi kirkjugarður Þórshafnar er á Sauðanesi en áhersla er frá íbúum um að kirkjugarður verði skipulagður innan þéttbýlis á Þórshöfn.

Samhliða þarf að gera rýmisnýtingar áætlun vegna nýtingar kirkjunnar og væntanlegri árlegri þörf á greifreitum miðað við íbúafjölda og aldursdreifingu íbúa.

4 Markmið skipulagsins

Markmið skipulagsins er að skapa umgjörð er fullnægir þörfum Þórshafnarbúa til trúariðkunar og móta grafreit sem uppfyllir lagalegar kvaðir, er auð-aðgengilegur, auð-vinnanlegur, umhverfislega aðlaðandi og fullnægir þörfum samfélagsins til næstu áratuga.

5 Skipulagsleg staða

Í gildi er Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 þar sem gert er ráð fyrir fjölgun íbúa í sveitarfélaginu í tengslum við uppbyggingu atvinnulífs. Fyrirhuguð gerð nýs kirkjugarða í þéttbýlinu á Þórshöfn fylgir þeirri stefnu, skapa fjölskylduvænt umhverfi og því að gera þjónustu aðgengilega íbúum. Í aðalskipulaginu er skipulagssvæðið allt skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir og á bls. 86 í greinargerð aðalskipulagsins segir: „Ein af forsendum vel starfandi samfélags er að öllum líði sem best líkamlega og andlega. Þjónustustofnanir hafa það hlutverk að veita almenningi samfélagsþjónustu á sviði heilbrigðis, menntunar/fræðslu, ummönnunar, menningar, verndunar og upplýsinga“.

Í skipulagsreglugerð segir: „Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.“

Ekkert deiliskipulag er í gildi innan skipulagssvæðisins og ekkert gildandi deiliskipulag liggur að mörkun skipulagssvæðisins.



Mynd 2. Hluti Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027, þéttbýlið á Þórshöfn. Skipulagssvæðið er hér innan hringsins og skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir

6 Umhverfismat

Skipulagið felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

7 Kynning og samráð

Við skipulagsvinnuna verður haft samráð við stofnanir og hagsmunaaðila sem málið varðar og leitað umsagnar þeirra. Helsti samráðsaðilar eru Biskupsstofa, Heilbrigðiseftirlit auk Skipulagsstofnunar.

Þessi skipulagslýsing er fyrsta skref í kynningu og samráðsferli fyrirhugaðs deiliskipulags. Íbúum og hagsmunaaðilum er gefinn kostur á að senda inn ábendingar varðandi viðfangsefni og markmið skipulagsins. Í auglýsingu þessarar skipulagslýsingar er nánar sagt frá því hvert senda skuli inn slíkar ábendingar. Skipulagslýsingin er jafnframt lögð fyrir Skipulagsstofnun í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Drög að deiliskipulagi verða síðar kynnt með svipuðum hætti og þessi skipulagslýsing með greinargerð eða með almennum íbúafundi. Þegar sveitarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagstillöguna með formlegum hætti í 6 vikur skv. skipulagslögum gefst almenningi og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að senda inn formlegar athugasemdir og fá umfjöllun og svör við þeim.

Drög að skipulagi og deiliskipulagstillagan mun verða kynnt almenningi í staðarblaði, á heimasíðu Langanesbyggðar og mun auk þess liggja frammi á skrifstofum sveitarfélagsins.

8 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi skipulagsins er sem hér segir:

Sept 2014

Skipulagslýsing þessi kynnt fyrir íbúum Langanesbyggðar og óskað eftir ábendingum.

Okt / Nov 2014

Deiliskipulagstillaga lögð fram til kynningar

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna í 6 vikur þar sem íbúum gefst tækifæri til að kynna sér tillögurnar og senda inn athugasemdir.

Jan 2015

Sveitarstjórn svarar mögulegum athugasemdum vegna auglýsingar skipulagstillögunnar, samþykkir með hugsanlegum breytingum og sendir tillögu til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða deiliskipulagið. Að því því loknu öðlast það gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.